

Áskorun til miðstjórnar Alþýðusambands Íslands

Hvað vilt þú upp á dekk?

Námsstefna kvenna í verkalyðshreyfingunni sem haldin var í Eldborg og Norðurljósum á Reykjanesi dagana 26. – 28. apríl 2007 skorar á miðstjórn að taka eftirfarandi þætti til skoðunar:

1. ASÍ fari í markvissa upplýsingaherferð sem stuðli að hugarfarsbreytingu gagnvart þátttöku kvenna á vinnumarkaði. Sérstök áhersla verði lögð á að:
 - Fordæmda kynbundinn launamun og ræða um leiðir til að vinna gegn honum. Fyrsta skrefið af mörgum er að afnema launaleynd.
 - Breyta verðmætamati á hefðbundnum kvennastörfum. Litið sé á konur sem einstaklinga sem gegni störfum sínum vegna hæfileika sinna og eigi að fá laun samkvæmt því.

Áróðursherferð hugarfarsbreytingarinnar verði sambærileg við "Einn réttur, ekkert svindl". Hún beinist að atvinnurekendum, stjórnvöldum og ekki síst inn í raðir verkalyðshreyfingarinnar með markvissri fræðslu.

2. ASÍ beini því til aðildarfélaganna að þau geri baráttuna gegn kynbundnum launamun að einu af meginmarkmiðum kröfugerðar vegna komandi kjarasamninga. Vitað er að kynbundinn launamunur er um 16% og óleiðréttur er hann a.m.k. 28%. Við þetta misrétti á vinnumarkaði verður ekki unað og hlýtur það að vera forgangsverkefni að eyða þessum mun.

Bókun með kjarasamningum frá árinu 1989 um aukna hlutdeild kvenna í stjórnun o.fl. verði umorðuð í takt við tíðarandann með mælanlegum markmiðum og fylgt eftir í framkvæmd.

3. Alþýðusamband Íslands beiti sér að fullum krafti til að hafa áhrif á nýtt frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla sem kynnt var í mars s.l. ASÍ sendi inn athugasemdir til nefndar um endurskoðun laganna í september 2006 og tekið var tillit til þeirra að hluta.

Bókun með kjarasamningum SGS, LÍV og Samiðnar við SA frá 1989

Bókun um aukna hlutdeild kvenna í stjórnun o.fl.

Aðilar eru sammála um að stefnt skuli að aukinni hlutdeild kvenna í störfum í fyrirtækjum.

Jafnhliða þessu er stefnt að því að konur takist á hendur ábyrgðarmeiri og hærra launuð störf.

Aðilar eru sammála um að skipa viðræðuhóp sem skoði hver þróun launamunur karla og kvenna hefur verið, hvað skýri hann og kanni leiðir til að draga úr honum. [1989]